

Reykjanesbæ 7.11. 2022

Bæjarráð Reykjanesbæjar

Efni: Betri vinnutími – Tónlistarskóli Reykjanesbæjar

Meðfylgjandi er tillaga frá vinnutímahópi TR, sett fram til reynslu fyrir skólaárið 2022-2023.

Tillagan hljómar svona:

„Samkvæmt kjarasamningi skal styttingin vera 5,26 dagar.

Við leggjum til að þessir fimm styttingardagar dreifist á virka vikudaga á kennslutímabili skólans, en aðeins 1 dagur í senn. T.d. 2 á haustönn og 3 á vorönn. Þessum 0,26 degi myndum við ná með styttingu formlegs starfsþróunardags sem við höfum á Öskudegi ár hvert.“

Að auki kemur fram í greinargerðinni:

„Vinnutímastyttingu verður mætt með aukinni þjónustu við nemendur umfram það sem fellur undir kjarasamningsbundna vinnuskyldu og er hluti kennslunnar.

Þessi umframpjónusta eru uppákomur og viðburðir af ýmsu tagi, aðrir tónleikar, tónlistaratriði við ýmis tilefni, workshop/vinnustofur, masterklassar, sérstök samspil sett saman tímabundið vegna ákveðinna verkefna, jam-session ofl. Það er tryggt að sú aukna þjónusta sem lýst er í stuttu máli hér að ofan, nær til allra nemenda skólans og er nánari útlíting á þeirri þjónustu við nemendur innan hvernar deildar skólans sem fellur utan við kennsluskyldu kennara og kemur á móti styttingu vinnutíma, að finna í tillögunni hér að neðan.“

Tillagan er talsvert frábrugðin tillögum í leiðbeiningabæklingi samningsaðila en það er mat okkar í miðlægrri nefnd um betri vinnutíma að tillaga TR falli að markmiðum samningsins og að útfærslan rúmist innan leiða til að bæta nemendum kennslutapið upp með öðrum hætti. Því leggjum við það til við bæjarráð að samþykkja tillöguna.

Fyrir hönd miðlægrar nefndar um Betri vinnutíma

Kristinn Óskarsson Mannauðsstjóri

Íðunn Kristín Grétarsdóttir Deildarstjóri launa-og kjaradeildar

Tillaga að vinnutímastyttingu frá vinnutímahópi skólans

Sett fram til reynslu fyrir skólaárið 2022-2023
eins og gert er ráð fyrir í kjarasamningi FT/FÍH og SNS

Nokkrar leiðir til að stytta vinnutíma í tónlistarskólum hafa komið fram, sem allar hafa þá annmarka að kennarar þurfa að leggja á sig aukna vinnu við undirbúning og framkvæmd og kenna á tímum dags þar sem alls ekki er tryggt að allir nemendur geti mætt, sem og að kennslustundir myndu ná langt fram yfir dagvinnutíma hjá flestum kennurum. Svo má nefna í tengslum við samkennslu/sambjöppun eftir skólatíma, eins og sumar tillögur hljóða uppá, að nemendur sem ekki gætu mætt í kennslustundir sem búið væri að færa til á stundatöflu, eiga kröfu á að fá sinn hljóðfæra-/söng-/samspils-/tónfræðatíma í því kennsluformi sem viðkomandi hefur skráð sig í í tónlistarskólanum. Að geta ekki orðið við því vekur óánægju nemenda og forráðamanna þeirra.

Inntak og áherslur í tillögu okkar um styttingu vinnutíma í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar (TR) er eftirfarandi:

- að útfærslan nái tilskilinni styttingu.
- að útfærslan sé gerleg/raunhæf í skipulagningu og framkvæmd í þeirri flóknu og sérstöku skólagerð sem tónlistarskóli er.
- að útfærslan valdi minnsta mögulega raski á skólastarfinu.
- að útfærslan valdi minnsta mögulega raski á tímasókn nemenda og þar með árangri þeirra.
- að útfærslan valdi ekki „aftengingu“ nemenda við skólann og námið.
- að útfærslan tryggi að allir kennarar eigi aðild að styttingunni og njóti hennar.

Tillagan:

Samkvæmt kjarasamningi skal styttingin vera 5,26 dagar.

Við leggjum til að þessir fimm styttingardagar dreifist á virka vikudaga á kennslutímabili skólans, en aðeins 1 dagur í senn. T.d. 2 á haustönn og 3 á vorönn. Þessum 0,26 degi myndum við ná með styttingu formlegs starfsþróunardags sem við höfum á Öskudegi ár hvert.

Greinargerð:

Tillaga vinnutímahóps TR miðar fyrst og fremst að því að starfsemi skólans raskist sem minnst og aftenging nemenda verði í lágmarki. Tillagan tryggir því gæði skólastarfsins þrátt fyrir styttingu vinnutíma.

Styttingarhugmyndir sem ganga út á að vinna tíma með samkennslu eða sambjöppun kennslu og tilfærslu stundatöflu eru óheppilegar fyrir lang flesta nemendur sem og kennara og ganga gegn meginforsendu vinnutímastyttingarinnar sem er sú, að nemendur fái markvissa kennslu þrátt fyrir styttingu vinnutíma kennara og að skólastarf sé af sömu gæðum og áður. Dagur sem tekinn er sem stytting í heilu lagi, alls 5 virkir dagar, sem deilast einn og einn í senn yfir kennsluvikur skólaársins, raska skólastarfinu og tímasókn nemenda minnst og leiða af sér bestan árangur. Slík útfærsla vinnutímastyttingar myndi að sama skapi nýtast kennurum vel og jafnframt myndi ekki þurfa sérstaka útfærslu fyrir stjórnendur skólans.

Vinnutímastyttingu verður mætt með aukinni þjónustu við nemendur umfram það sem fellur undir kjarasamningsbundna vinnuskyldu og er hluti kennslunnar.

Þessi umframpjónusta eru uppákomur og viðburðir af ýmsu tagi, aðrir tónleikar, tónlistaratriði við ýmis tilefni, workshop/vinnustofur, masterklassar, sérstök samspil sett saman tímabundið vegna ákveðinna verkefna, jam-session ofl. Það er tryggt að sú aukna þjónusta sem lýst er í stuttu máli hér að ofan, nær til allra nemenda skólans og er nánari útlistning á þeirri þjónustu við nemendur

innan hvernar deildar skólans sem fellur utan við kennsluskyldu kennara og kemur á móti styttingu vinnutíma, að finna í tillögunni hér að neðan.

Það kemur fram fyrir í þessu plaggi að tónlistarskóli sé flókin og sérstök skólagerð. Við viljum benda á nokkur atriði til stuðnings þeirri fullyrðingu:

- Kennarahópurinn dreifist á vikudagana. Mismikið eftir starfshlutföllum.
- Kennsludagur kennara hefst og lýkur á mismunandi tímum dags.
- Sumir kennarar geta lokið sínum kennsludegi um kl.17:00 á meðan aðrir þurfa að kenna fram á kvöld. Á þessu skólaári er lengst kennt við TR til kl. 21:00.
- Nánast allir kennarar eru með mjög blandaðan nemendahóp, bæði í aldri og getustigi.

Nánari útlíting á þjónustu hvernar deildar TR við nemendur, sem fellur utan við kennsluskyldu kennara og kemur á móti styttingu vinnutíma:

Rytmísk deild (rafgítar, rafbassi, píanó rytmískrar tónlistar, söngur rytmískrar tónlistar, trommuset):

Rytmíska deildin stendur fyrir svokölluðum Hljómanóttum á hverjum vetri í samstarfi við fjóra aðra tónlistarskóla. Um er að ræða „workshop“ þar sem nemendur hittast ásamt kennurum sínum í þeim tónlistarskóla sem Hljómanóttin er haldin hverju sinni. Unnið er í smærri samspilum frá seinniparti föstudags og fram á laugardag. Einnig heldur deildin ein og sér þrjú Jam-sessionkvöld á hvorri önn hér í TR (alls 6) fyrir okkar nemendur, auk fjögurra Jam-sessionkvölda í samstarfi við áðurnefnda samstarfsskóla. Alls því 10 Jam-sessionkvöld á vetri. Auk þessa eru haldnir „Masterklassar“ innan deildarinnar nokkrum sinnum yfir skólaárið þar sem kennarar deildarinnar leiðbeina. Þessi verkefni eru ætluð öllum nemendum deildarinnar, þ.e. á öllum aldri og öllum getustigum.

Hljómborðsdeild (píanó, harmonika, önnur hljómborðshljóðfæri):

Hljómborðsdeildin (píanódeildin) stendur fyrir nokkrum „Masterklössum“ fyrir nemendur á hverju skólaári þar sem kennarar deildarinnar skipta með sér leiðbeinendahlutverkinu. Nemendur deildarinnar taka þátt í masterklössum, ýmist sem virkir nemendur eða áheyrnarnemendur. Deildin heldur sérstaka „Deildartónleika“ 2x á vetri á sviðinu í Stapa, þar sem vandað er meira til en „dags daglega“. Nemendur deildarinnar á öllum aldri taka þátt með einum eða öðrum hætti og allir kennarar deildarinnar koma að undirbúningi og framkvæmd. Nýlunda í vetur er „Stóri píanódagurinn“ sem haldinn verður á laugardegi í febrúar. Þar verður unnið með öllum nemendum bæði einum og sér og í hópum undir handleiðslu allra kennara deildarinnar. Auk þessa heldur deildin hópánámskeið fyrir nemendur í sviðsframkomu og aðferðum til að minnka sviðsskrekki. Í tilefni af „Degi Íslenskrar tungu“ standa Hljómborðsdeildin og klassíska Söngdeildin fyrir sameiginlegri söngdagskrá nemenda þar sem nemendur hljómborðsdeildar leika undir hjá söngnemendum. Nemendur deildarinnar eru frá 3. bekk og „uppúr“.

Suzukideild (hljóðfæranám fyrir mjög unga nemendur):

Skólinn býður upp á nám í blokkflautuleik og píanóleik skv. hinni heimsþekktu Suzuki-aðferð og er deildin fullsetin. Hluti af náminu eru hóptímar aðra hverja viku. Þar sem foreldrar þurfa að fylgja börnum sínum í náminu, þ.m.t. í hóptímana, eru þær kennslustundir haldnar á laugardögum því þá eiga foreldrar auðveldara með að mæta og kennslan getur þá farið fram á þeim tíma dags sem raunhæft er að ung börn stundi krefjandi nám, þ.e. fyrirpart dags.

Nemendur deildarinnar og kennarar taka þátt í Suzuki-samstarfsverkefnum sem staðið er fyrir, ýmist með öðrum tónlistarskólum eða verkefnum sem haldin eru á vegum Íslenska Suzukisambandsins fyrir þessi hljóðfæri. Þau verkefni eru alltaf um helgar.

Forskóladeild:

Forskóladeild stendur fyrir „Stóru forskólatónleikunum“ á útmánuðum ár hvert, í Stapa, þar sem nemendur deildarinnar flytja hálf tíma langa efnisskrá við undirleik elstu lúðrasveitar skólans og oft einnig annarra hljómsveita skólans. Þegar kemur að lokaundirbúningi fyrir tónleikana, mæta forskólanemendurnir ásamt forráðamanni tvisvar sinnum á æfingar í tvískiptum hópum með hljómsveitunum og stjórnendum/kennurum þeirra og forskólakennurunum. Daginn fyrir tónleikana er tvískipt tónleikarennslí (generalprufa) á tónleikastað. Á tónleikadeginum eru haldnir tvennir stór-tónleikar, kl.17 og 18, og stendur vinna forskólakennaranna og lúðrasveitarstjórnenda fram á kvöld við frágang o.fl. eftir tónleikana.

Nemendur forskóladeildar koma af og til fram á viðburðum í grunnskólunum sínum undir handleiðslu forskólakennaranna. Í sumum tilfellum á það sér stað á kennslutíma forskólans en í sumum tilfellum ekki. Þegar þannig stendur á þurfa forskólakennarar sem eru jafnframt hljóðfærakennarar að hliðra til í stundatöflum sínum til að geta sinnt viðburðinum.

Blásaradeild (öll blásturshljóðfæri, slagverk, trommusett og lúðrasveitir):

Lúðrasveitir skólans (A, B og C) taka alltaf þátt í landsmótum skólalúðrasveita sem haldin eru víðs vegar um landið eftir atvikum. Tvö lúðrasveitamót eru haldin á þessu skólaári, það fyrra var á Akureyri í byrjun október og hið síðara verður í Vestmannaeyjum í vor. Í þessum verkefnum eru heilu helgarnar undir hjá kennurum og stjórnendum lúðrasveitanna.

Auk þeirra tónleika sem falla undir reglubundið tónleikahald skólans, standa lúðrasveitirnar fyrir tónleikum að hausti og vori í Stapa. Að þessu sinni voru hausttónleikarnir „Hrekkjavökutónleikar“ og haldnir ásamt Strengjasveitum skólans (yngri og eldri). Oftast eru svo lúðrasveitatónleikar í tengslum við Þorrann og við gerum ráð fyrir því að svo verði í vetur.

Lúðrasveitirnar taka þátt í samtónleikum skólalúðrasveita á landsvísu sem haldnir eru árlega í Hörpu, á laugardegi eða sunnudegi eftir atvikum og bera yfirskriftina „Óskalög“.

Sveitirnar taka þátt í mörgum opnum viðburðum Reykjanessbæjar, svo sem skrúðgöngu og dagskrá hátíðarsvæðis á 17. júní, skrúðgöngu á Ljósanótt, tendrum jólatrés í Skrúðgarðinum og hátíðarhöldum á Þrettándanum, sem og skrúðgöngu á vegum skátanna á Sumardaginn fyrsta. Í lúðrasveitum skólans eru nemendur á öllum aldri, frá 3. bekk og „uppúr“.

Nú í lok nóvember verður blásaradeildin í samstarfsverkefni með Lúðrasveit Verkalýðsins (LV). Um er að ræða tónleika í Stapa þar sem tvær af lúðrasveitum skólans koma fram ásamt LV og að auki munu 3 langt komnir nemendur skólans leika einleikverk með LV. Þetta verkefni snýr að nemendum á aldrinum 10 til 20 ára og kemur að bæði blásaradeild og hljómborðsdeild. Allir nemendur þessara deilda eiga að vera viðstaddir tónleikana, því við lítum svo á að tónleikarnir séu hluti af námi þeirra.

Strengjadeild (fiðla, víóla, selló, kontrabassi ásamt klassískum gítar):

Strengjasveitir og gítarsveitir skólans taka alltaf þátt í landsmótum þessara hópa sem haldin eru víðs vegar um landið eftir atvikum. Nú er ný afstaðið strengjamót sem haldið var á Selfossi í byrjun október.

Gítarsveitir skólans eru virkar í samstarfi við aðra tónlistarskóla um „gítardaga“ og framundan er nokkurs konar landsmót gítarnemenda/gítarsveita sem haldið verður í Reykjavík um helgi í febrúar. Í verkefnum sem þessum eru heilu helgarnar undir hjá kennurum. Auk þessa koma til ýmis samstarfsverkefni yfir skólaárið sem og nemendanámskeið sem kennarar deildarinnar standa fyrir. Nemendur strengjadeildar, þ.m.t. gítar, eru á öllum aldri og getustigum.

Söngdeild (klassísk):

Allir nemendur klassískrar söngdeildar taka þátt í litlum uppfærslum, leiknum og sungnum, tvisvar á vetri sem þeir ýmist taka þátt í að móta/semja með kennurum deildarinnar eða að tekið er fyrir áður samið sviðsverkefni. Vegna þessa koma til sérstakar samæfingar síðla dags eða snemma kvölds og/eða um helgar.

Í tilefni af „Degi íslenskrar tungu“ standa klassíska Söngdeildin og Hljómborðsdeildin (eins og kemur fram hér fyrir) fyrir sameiginlegri söngdagskrá nemenda á hverju skólaári, þar sem

nemendur hljómborðsdeildar leika undir hjá söngnemendum. Nemendur söngdeildar eru frá u.þ.b. 15 ára og „uppúr“.

Bjöllukór (yngri og eldri):

Okkur þykir rétt að nefna Bjöllukór skólans sérstaklega þótt hann sé ekki sérstök deild. Eldri Bjöllukór skólans hefur frá upphafi jólatónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, tekið þátt í þeim tónleikum á sviðinu með Sinfóníuhljómsveitinni í Eldborgarsal Hörpu og nánast alltaf í stóru hluverki, auk þess að leika fyrir gesti tónleikanna bæði á undan og eftir við Hörputorg. Í vetur mun yngri Bjöllukórinn einnig taka þátt og leika jólalög fyrir „gesti og gangandi“ í Hörpu yfir tónleikahelgina. Þetta verkefni er mjög umfangsmikið; æfingar með Sinfóníuhljómsveitinni dagana fyrir tónleikahelgina og tvennir tónleikar bæði á laugardegi og sunnudegi (alls fernir) um miðjan desember.

Rétt er að geta þess að bjöllukór er dæmi um hópstarf/samspil með nemendum sem starfar þvert á deildir, þ.e. a.s. að nemendur koma úr flestum deildum skólans og kennarar því í samstarfi á breiðum grunni.

Nemendur eru á aldrinum 14 til 20 ára.

Að lokum – Almenn:

- Tónlistarskóli Reykjanesbæjar er afar sýnilegur í samfélaginu og kemur að flestu því helsta sem kallar á tónlist á vegum Reykjanesbæjar, stofnana hans og deilda, auk hátíðahalda sem áður eru nefnd, tónlistarflutningur við verslanir á aðventunni, tónlistarflutningur í Aðventugarðinum í desember o.fl.
- Nemendur skólans (ásamt kennurum) standa fyrir tónlistarflutningi á sérstökum hátíðafundum klúbba og félagasamtaka í bæjarfélaginu og í kirkjum. Slíkir viðburðir eru á þriðja tug talsins á ári.
- Skólinn stendur fyrir umfangsmiklu tónleikahaldi. T.a.m. voru tónleikar síðasta skólaárs 98 talsins.
- Flestir kennarar halda auk þess óformlega tónleika og tónlistarsamverur með nemendum sínum innan deilda eftir því sem við á.
- Almenn fá nemendur nokkra aukatíma hjá kennurum sínum fyrir öll viðmeiri próf eins og áfangapróf, fyrir „stærri“ tónleika, þegar nemendur eiga að koma fram á sérstökum viðburðum o.s.frv.
- Í skólanum eru starfrækt mjög mörg samspil, enda er það sérstök áhersla í skólastarfinu sem hefur vakið sérstaka athygli í „bransanum“. Störf samspilskennara ná oft út fyrir skilgreindar starfsskyldur þeirra vegna þess umfangs sem felst í að halda úti öflugum samspils-/hljómsveitastarfi.

f.h. vinnutímahóps TR
Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri